

Skólaráð Naustaskóla

3. fundur ársins 2010 þann 19. mars kl. 8:10

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Jón Stefán Baldursson, Björk Guðmundsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Hjördís Óladóttir, Heimir Örn Árnason, Gyða Björk Aradóttir

Fulltrúar nemenda voru ekki boðaðir á þennan fund.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. **Útlit og horfur.** Skólastjóri kynnti útlit mála varðandi nemendafjölda og starfsmannamál næsta vetur. Innritaðir nemendur næsta vetur eru 185, unnið er að starfsmannasamtölum og auglýst verður eftir námsráðgjafa og kennurum innan skamms.
2. **Ráðningamál** – aðkoma skólaráðs. Rætt um aðkomu skólaráðs að ráðningum starfsmanna, en við ráðningar deildarstjóra og kennara sl. vor var skólaráð haft með í ráðum. Niðurstaðan er sú að skólastjórnendur vinni úr umsóknum, taki viðtöl og geri skólaráði grein fyrir niðurstöðum, þ.e. að skólaráð fái tækifæri til fyrirspurna og athugasemda áður en endanleg ákvörðun um fastraráðningar starfsmanna er tekin.
3. **Stundaskrá næsta vetrar.** Gert er ráð fyrir að hafa sama fyrirkomulag á tímasetningum í stundaskrá næsta vetur, þ.e. upphafstíma að morgni, frímínútur, matartíma o.s.frv. enda þykir núverandi fyrirkomulag hafa gefist vel.
4. **Skóladagatal 2010-2011.** Farið yfir breytingar frá því síðast, aðallega um að ræða endurmenntunardaga kennara og samræmingu viðburða við það sem gerist á leikskólanum. Skóladagatal verður tekið til formlegrar afgreiðslu á næsta fundi.
5. **Vorhátíð.** Rætt um dagsetningu vorhátíðar skólans í vor. Á skóladagatali var hún sett á laugardaginn 29. maí en þann dag verða sveitarstjórnarkosningar. Rætt um að hafa vorhátíðina annaðhvort föstudaginn 28. maí eða fimmtudaginn 3. júní sem er dagurinn fyrir skólaslit. Þessu verður velt inn í hverfisnefnd og Foreldrafélag til umræðu og síðan ákveðið á næsta fundi.
6. **Endurmenntun starfsmanna.** Kynnt drög að endurmenntunaráætlun skólans.
7. **Foreldradagur í apríl.** Þann 7. apríl nk. er dagur á skóladagatalinu sem merktur er “samráð/mat”, þ.e. viðtalsdagur. Áformað er að þennan dag muni umsjónarkennarar ekki boða alla foreldra/nemendur til viðtals heldur aðeins þá sem þörf þykir á. Einnig gefist forráðamönnum kostur á að óska eftir viðtölum. Engar athugasemdir voru gerðar við þetta fyrirkomulag.
8. **Viðurkenningar.** Kynnt að skólanefnd bæjarins mun framvegis standa fyrir viðurkenningum til aðila í skólasamfélaginu á Akureyri til skóla, kennarahópa eða kennara annars vegar en nemenda hins vegar fyrir framúrskarandi frammistöðu. Fyrir okkur liggur að setja skólanum reglur um hvaða nemendur við viljum tilnefna. Kynnt og verður tekið fyrir aftur síðar.
9. **Erindi frá Foreldrafélagi.** Rætt um hvernig verja skuli félagsgjöldum Foreldrafélags. Fram kom m.a. hugmynd um bingóvél/spjöld o.fl. Skólastjóri mun líka velta þessari spurningu inn í nemendaráð.
10. **Fræðslufundur Samtaka – svæðisráðs foreldra grunnskólabarna á Akureyri.** Haldinn verður fundur fyrir foreldra um tölvunotkun barna 24. mars kl. 20 í Brekkuskóla. Kynnt.

Næsti fundur skólaráðs verður haldinn föstudaginn 9. apríl.

Fleira ekki tekið fyrir

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð